

verið fólgið í sameiginlegri þátttöku í úttektum sem tengjast starfsemi á sviði samræmismats eða annars konar mati á tilnefndum samræmismatsstofnunum, þar sem slík þátttaka er við hæfi og tæknilega framkvæmanleg innan eðlilegra kostnaðarmarka.

14. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa samráð, eftir því sem nauðsyn krefur, við hlutaðeigandi stjórnsýslufyrirvöld hins samningsaðilans í því skyni að tryggja að höfð sé hliðsjón af öllum stjórnsýslukröfum og þær teknar fyrir með viðhlítandi hætti.

consultation may include joint participation in audits related to conformity assessment activities or other assessments of designated conformity assessment bodies, where such participation is appropriate and technically possible within reasonable cost.

14. Designating authorities shall consult, as necessary, with the relevant regulatory authorities of the other Party to ensure that all regulatory requirements are identified and are satisfactorily addressed.

6. júní 2000

Nr. 9

AUGLÝSING

um bókun við alþjóðasamning um hleðslumerki skipa.

Hinn 12. maí 2000 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna bókunar við alþjóðasamning um hleðslumerki skipa frá 5. apríl 1966, sem gerð var í London 11. nóvember 1988, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1970 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin öðlast gildi að því er Ísland varðar 12. ágúst 2000.

Bókunin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. júní 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

6. júní 2000

Nr. 10

AUGLÝSING

um bókun við alþjóðasamning um öryggi mannlífa á hafinu.

Hinn 12. maí 2000 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna bókunar við alþjóðasamning um öryggi mannlífa á hafinu frá 17. júní 1960, sem gerð var í London 11. nóvember 1988, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1965 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin öðlast gildi að því er Ísland varðar 12. ágúst 2000.

Bókunin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. júní 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.